

Ecocool er íblöndunarefni fyrir gras og heilsæði

Tvær í einni


Ecocool hentar þar sem hætta er á loftháðri öndun við verkunina, t.d. þar sem þurrefni er í hærra lagi og í heilsæði þar sem erfitt er að þjappa og það myndast loftgöt. Ecocool inniheldur tvær tegundir baktería, annarsvegar *Lactobacillus plantarum* af stofni MTD/1 sem gefur hraða og skilvirka gerjun og svo *Lactobacillus buchneri* stofn PJB/1 sem dregur úr hitamyndun og stöðvar óæskilega gerjun í loftgötum. MTD/1 eru einsleitar mjólkursýrugerjandi bakteríur en PJB/1 eru fjölgerjandi bakteríur.

MTD/1 fyrir gerjunina


MTD/1 er sérstaklega þróaður stofn baktería *L.plantarum* sem hefur sannað sig um allan heim á mjög víðu sviði gerjunar á gróffóðri. Þetta er mest rannsakaði stofn baktería sem notuð eru í íblöndunarefni. MTD/1 er ríkjandi í gerjuninni þegar þeim er bætt við með íblöndun, þær eru fljótar að framleiða mjólkursýru en aukin skilvirkni þeirra skilar sér í

- Betri nýtingu sykurs í gróffóðrinu
- Minna niðurbrot á próteini við gerjun
- Minna tap næringarefna
- Dregur úr óæskilegri gerjun


Minna niðurbrot á fóðurpróteini



Minna tap næringarefna



Sýrustig fellur hraðar



David Davies
Silage Solutions Ltd

Til þess að íblöndunarefni séu skilvirk við gerjun þurfa bakteríurnar sem þau innihalda að verða ríkjandi yfir þeim bakteríum sem eru í fóðrinu náttúrulega og skila hraðri og nógri framleiðslu mjólkursýru. Þetta leiðir til þess að meira fóðurprótein helst óniðurbrotið, óæskilegar bakteríur ná sér síður á strik með gerjun sem við viljum ekki sjá og þar með er minna tap næringarefna.

PJB/1 hamlar loftháðri öndun

PJB/1 er stofn L.buchneri baktería sérstaklega hannaður til þess að hindra vöxt sveppa og myglu sem annars ná sér helst á strik þar sem loft kemst að gerjuninni. Þetta hefur þá kosti að

- Það verður minni hitamyndun við gerjunina
- Minna tap næringarefna
- Minna sem skemmist við verkunina
- Hærra orkugildi í fóðrinu eftir gerjun
- Minni hættu á eitrun vegna sveppa

Kemur í veg fyrir sveppagerjun og myglu


Það eru sveppagró sem dafna þar sem loft kemst að verkuninni það er mikilvægt að koma í veg fyrir að þau nái sér á strik bæði við verkun og einnig eftir að byrjað er að gefa fóðrið, sérstaklega úr stæðum. Ecocool er sérstaklega heppilegt til þess að fækka þessum örverum í fóðrinu og stuðla þannig að réttri verkun.

Niðurstöður tilraunar: fjöldi gróa (cfu/g)

	Samanturður	Ecocool
Eftir þökkun	1.500.000	<1.000
Eftir að stæða er opnuð	440.000.000	<1.000


Minni hitamyndun

Með því að fækka örverum sem mynda hita við gerjun nær Ecocool að bæta gæði verkunar en einnig að lengja tímann sem fóðrið er ferskt við gjafir eftir að stæður eða rúllur eru opnaðar.




* increase 2°C above ambient

Still Stable



Kung et al, 2014 - University of Delaware
In both maize trials Ecocool treated silages were significantly more stable than the untreated controls.



Maize (37% DM)

The Ecocool treated silage remained completely stable for more than 10 days.

